

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

6. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 13. janúar 2014 í félagsaðstöðu Knattspyrnufélagsins Hauka.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Magnús Gunnarsson (Haukar), Stefán Kristófersson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Viðar Halldórsson (FH), Sigurjón Andersen (KK), Kristín Pétursdóttir (SH), Þórarinn Sófússon (GSE), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórunn Ansnes (Sörli) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Anton Ingi Sigurðsson (ÍH), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Hafsteinn Eyland Brynjarsson (AÍH) og Anders Már Þráinsson (SÍH).

1. Fundaáætlun stjórnar ÍBH janúar – maí 2014

Kynnt fundarmönnum, ætlunin er að halda næsta fund 3. febrúar kl. 18.15 hjá SH í Ásvallalaug. 3. mars kl.18.15 verður fundað hjá Siglingaklúbbnum Þyt. 7. apríl kl. 18.15 verður fundað hjá Golfklúbbnum Keili. 5. maí kl. 18.15 er stefnt að því að funda í félagsaðstöðu Hestamannafélagsins Sörla.

2. Kynning á nýjum samningi milli ÍBH, Rio Tinto Alcan og Hafnarfjarðarbæjar fyrir íþróttastarfið 16 ára og yngri

Samningurinn er til ársloka 2016. Farið yfir helstu breytingar í samningnum sem eru hækkun á framlagi Hafnarfjarðarbæjar um kr. 3.000.000 á ári og kynjahvata sem eru í samningnum. Samninginn er hægt að sjá í heild sinni á heimasíðu ÍBH undir samningar.

3. Formannafundur ÍSÍ 29. nóvember 2013

Kristín Pétursdóttir varaformaður ÍBH sótti fundinn og greindi fundarmönnum frá helstu málefnum hans.

4. Nýr bæklingur frá ÍSÍ um kynferðislegt ofbeldi í íþróttum

Kynntur fundarmönnum og þeir beðnir að kynna hann áfram innan síns félags. Fundarmönnum bent á rafrænaútgáfu bæklingins á heimasíðu ÍSÍ undir tenglinum <http://www.isi.is/fraedsla/forvarnir/kynferdislegt-ofbeldi/>.

5. Þróunarsjóður innflytjenda

Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar hefur sótt um fjármagn í þróunarsjóð innflytjenda til að gera úttekt á iðkun barna af erlendu bergi brotnu í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Síðan er hugmyndin að búa til þróunarverkefni í kjölfarið sem tengjast þessu ef fjármagnið fæst.

6. Umsókn Íþróttabandalaga um aðild að Ungmennafélagi Íslands

Bréf dagsett 7. janúar 2014 frá UMFÍ kynnt fundarmönnum.

7. Yfirlit lottógreiðslna til aðildarfélaganna ÍBH frá ágúst til nóvember 2013

Kynnt fundarmönnum og samþykkt.

8. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- Bréf frá KSÍ um 68. ársþing KSÍ sem verður haldið 15. febrúar nk í Menningarhúsinu Hofi Akureyri.
- Bréf frá ÍSÍ varðandi ráðstefnu í tengslum við Reykjavíkurléikana 20. og 22. janúar 2014.

9. Önnur mál

- IK var með fyrirspurn varðandi val afreksmanna sem koma til greina í kjör íþróttakarls og íþróttakonu Hafnarfjarðar á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar sem var haldin 30. desember 2013. Íþróttafélögin senda inn

tillögur, nefnd sem er skipuð af ÍTH fer yfir tilnefningar og fækkar tilnefningum miðað við vinnureglur um hvaða íþróttamenn teljast afreksfólk í íþróttum, 2013 flokkuðust 22 sem slíkir. Ingvar leggur til að fækka þeim, þ.e. þrengja vinnureglur þannig að þeir verði ekki fleiri en u.þ.b. fimm af hvoru kyni árlega.

b). IK spurði um stöðuna í stefnumótunavinnu Capacent fyrir ÍBH. Capacent mun funda með stjórn ÍBH á næstunni, tillögur að fundartíma liggja fyrir næstu daga.

c). Almennar umræður um stjórn málin í Hafnarfirði, samvinnu við íþróttahreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og var slitið kl. 19.45.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.